

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

17. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn í fundarsal, 7. hæð Borgartúni 10-12 föstudaginn 27. febrúar 2009, kl. 14.00.

Mættir voru eftirtaldir nefndarmenn:

Frá Reykjavíkurborg:	Júlíus Vífill Ingvarsson
Frá Kópavogsbæ:	Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson
Frá Hafnarfirði:	Gísli Ó. Valdimarsson og Rósa Guðbjartsdóttir
Frá Garðabæ:	Stefán Konráðsson
Frá Mosfellsbæ:	Finnur Birgisson
Frá Seltjarnarnesi:	Ólafur Egilsson og Stefán Bergmann
Frá Álftanesi:	Kristinn Guðlaugsson og Kristinn Guðmundsson
Frá Skipulagsstofnun:	Stefán Thors

Enn fremur sátu fundinn Birgir H. Sigurðsson og Smári Smáráson frá Skipulags- og umhverfissviði Kópavogsbæjar, Hilmar Malmquist frá Náttúrufræðistofu Kópavogs, Rúnar Bjarnason frá Mannviti, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar og Haraldur Sigurðsson frá Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar sem ritaði fundargerð.

Formaður, Júlíus Vífill Ingvarsson setti fund og gengið var til dagskrár:

Þetta gerðist.

1. mál. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda

2. mál. Erindi Kópavogsbæjar vegna breytingar á svæðisskipulagi í Kársnesi - vestur

Fyrir fundinum lá erindi Kópavogsbæjar dags. 27. febrúar 2008 þar sem þess er farið á leit við Samvinnunefnd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins að breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir Kársnes - vestursvæði verði afgreitt skv. 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, og verði send sveitarfélögunum til samþykktar. Lagður voru fram endurbættir skipulagsuppdraettir (dagsettir 25. febrúar 2009) ásamt framkomnum athugasemdum (15 talsins) og umsögnum um þær (dagsettar febrúar 2009)

Birgir H. Sigurðsson gerði grein fyrir framkomnum athugasemdum, umsögnum um þær og þeim breytingum sem hafa verið gerðar á tillögunni að lokinni auglýsingu. Meginbreytingin er sú að áformuð stækkun landfyllingar er nú 4 ha í stað 13 ha áður og íbúðum fækkað úr 800 í 550.

Í umræðum komu m.a. fram eftirfarandi sjónarmið: að áhrif uppbyggingar á umferð og umferðarskipulag verði skoðuð í stærra samhengi og á vettvangi samvinnunefndar, m.a. hvað varðar mögulegar tengingar yfir Skerjafjörð; áhrif landfyllingar á straua;

samlegðaráhrif frekari landfyllinga við Skerjafjörð og mikilvægi þess að skapa heildarsýn á skipulag Skerjafjarðar.

Að loknum umræðum gerði Hilmar Malmquist grein fyrir helstu umhverfisáhrifum á lífríki og yfirstandandi rannsóknum á svæðinu.

Formaður óskaði því næst eftir afstöðu nefndarmanna til erindis Kópavogsbæjar um að tillagan verði afgreidd til sveitarfélaganna í samræmi við 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Afgreiðsla:

Erindið var samþykkt með 8 atkvæðum en 3 nefndarmenn sátu hjá við afgreiðslu málsins.

3. mál. Staða svæðisskipulagsins – upplýsingasöfnun.

Lagt fram minnisblað Verkís (dagsett 15. janúar 2009), um helstu verkþætti við mat á stöðu svæðisskipulagsins. Haraldur Sigurðsson gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hefur staðið yfir. Málið verður lagt fyrir samvinnunefnd á ný þegar stöðumat Verkís liggur fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50